

**64** þá stjórnendur sjóðsins ávöxtun hans. Stjórnendum sjóðsins er heimilt að ákveða 15. apríl fyrir eitt ár í senn að leggja vextina við höfuðstólinn, þó eigi oftár en svo, að öllum ársvöxtum sje varið til styrkveitinga sjö ár af hverju tíu ára tímabili.

6. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal veittur einusinni á ári. Stjórnendur sjóðsins skulu auglýsa styrkinn með hæfilegum fyrirvara í tveimur blöðum, sem þeir telja viðlesnust hjer á landi, og veita hann að fengnum nægilegum upplýsingum um að skilyrðum þeim, er ræðir um í 3. gr., sje fullnægt, svo og um þörf umsækjanda til þess að verða styrksins aðnjótandi. Heimilt er að veita sama styrkþega styrkinn tvisvar, en eigi oftár.

7. gr.

Stjórnendur sjóðsins semja árlega reikning yfir tekjur og gjöld hans, svo og efnahagsreikning, og er reikningsár sjóðsins almanaksárið. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna og Lögbirtingablaðinu innan tveggja mánaða eftir lok reikningsársins.

Reykjavík, 3. apríl 1915.

*Thor Jensen. Margrjet Þorbjörg Jensen.*

**65**  
20. apríl

## Reglugjörð

**um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavíkurborg.**

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem virt eru til brunabóta og standa á lóð, er liggur að götu eða vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða vatnsskatt. Sama er og um önnur hús, er fá vatn leitt úr vatnsveitu bæjarins. Skatturinn skal lagður á eftir virðingarverði húsanna til brunabóta. Skattinn skal einnig greiða af virðingarverði fastra vjela, sem í húsinu eru, ef þær eru vátrygðar ásamt því.

2. gr.

Húsum kaupstaðarins skal skift í flokka til skatts, sem hjer segir:

## 1. flokkur:

65  
20. apríl

Allar byggingar, sem engin íbúð er í:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 $\frac{1}{2}$ $\frac{0}{100}$
Af næstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 $\frac{0}{100}$
Af því sem fram yfir er 20000 kr. virðingarverðsins . . . . .	2 $\frac{0}{100}$

## 2. flokkur:

Hús, sem aðeins er 1 íbúð í:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 $\frac{3}{4}$ $\frac{0}{100}$
Af næstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 $\frac{1}{4}$ $\frac{0}{100}$
Af því sem fram yfir er 20000 kr. virðingarverðsins. . . . .	2 $\frac{1}{2}$ $\frac{0}{100}$

## 3. flokkur:

Hús, sem tvær íbúðir eru í:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	4 $\frac{0}{100}$
Af næstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 $\frac{1}{2}$ $\frac{0}{100}$
Af því sem fram yfir er 20000 kr. virðingarverðsins. . . . .	3 $\frac{0}{100}$

## 4. flokkur:

Hús, sem eru í 3 íbúðir eða fleiri:

Af fyrstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	4 $\frac{1}{2}$ $\frac{0}{100}$
Af næstu 10000 kr. virðingarverðsins . . . . .	4 $\frac{0}{100}$
Af því sem fram yfir er 20000 kr. virðingarverðsins . . . . .	3 $\frac{1}{2}$ $\frac{0}{100}$

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald  $1\frac{0}{100}$  af virðingarverðinu, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sjerstaklega samkvæmt 3. gr.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 2 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utanhúss.

## 3. gr.

Vatnsskattur fyrir hreyfivjelar, verksmíðjur, baðhús, þvottastöðvar, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til annarar slíkrar notkunar, skal venjulega ákveðinn með samningi. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársbrúkun hverri 1 kr. 50 a. fyrir hverja 100

**65** hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er, 20. apríl eftir nánari ákvörðun vatnsnefndarinnar og eftir því, hve mikið er notað.

Vatnsveitan leggur til mæli, en notandi greiðir 12 kr. á ári í leigu fyrir hann. Sjerstakt leyfi vatnsnefndar þarf til að setja vatnshreyfivjelar í samband við vatnsæðarnar.

4. gr.

Fyrir vatn, er látið er úti til skipa á höfninni, greiðist 75 aurar auk flutningskostnaðar fyrir hvert tonn, sje það flutt í skipin á bátum, en 1 kr. 50 a. ef það er látið úti við bryggju.

5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra.

6. gr.

Af vatnsskatti hvers árs fellur helmingurinn í gjalddaga 1. apríl og helmingurinn 1. október.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið, staðfestist hjermeð, samkvæmt lögum um vatnsveitu fyrir Reykjavík frá 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. maí 1915, og falla þá jafnframt úr gildi reglugjörðir um sama efni frá 20. desember 1910 og 25. nóvember 1913.

**Í stjórnarráði Íslands, 20. apríl 1915.**

**Sig. Eggerz.**

---

*Jón Hermannsson.*